



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

THE ICELANDIC FORESTRY ASSOCIATION

ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK

SÍMI 551 8150 - NETFANG skog@skog.is

Reykjavík 13. febrúar 2015

Skipulagsstofnun

Einar Jónsson, verkefnisstjóri

Netfang: enar@skipulagsstofnun.is

Erindi: Umsögn Skógræktarfélags Íslands

Á stjórnarfundum Skógræktarfélags Íslands þann 11. febrúar sl. var fjallað um „Tillögu að Landsskipulagsstefnu 2015-2026.“

Stjórn félagsins fagnar framkominni tillögu en telur að ýmsu sé ábótavant í henni. Áberandi hve rýr umfjöllunin er um skógrækt, miðað við aðrar greinar landbúnaðar og landnýtingar í dreifbýli. Einnig gerir það athugasemdir við að einhver tiltekin grein landbúnaðar sé álitin betri, arðsamlegri og jafnvel æðri en önnur, án þess að fyrir slíku séu færð nein rök.

Í fyrirbyggjandi tillögu er ýmsum álitum einstakra stofnana og jafnvel skýrslum einstakra starfsmanna stofnana teft fram sem grundvelli að þeirri stefnumörkun sem Landsskipulagsstefna er. Er þeim þar í mörgum tilvikum gert hærra undir höfði en ástæða er til. Álitin sem byggð er á hafa sum mjög veika stöðu, eru jafnvel dagsettur tölvupóstur. Mikilvæga stefnumörkun þarf að byggja á traustum grunni, s.s. lögum, þingsályktunum og niðurstöðum ráðherraskipaðra nefnda. Stjórn Skógræktarfélags Íslands vill í því sambandi vekja athygli á mun veigameiri grunni fyrir slíka stefnumótun sem felst í þingsályktun um eflingu skógræktar sem atvinnuvegar sem samþykkt var á vorþingi 2014 (þingskjal 273 – 211. mál, 143. löggjafarþing 2013-14). Í þeirri þingsályktun er m.a. hvatt til þess að mótað verði starfsumhverfi með rammaáætlun til þriggja ára, til eflingar skógræktar með þátttöku bænda, annarra landeigenda og sérstakra skógræktarsjóða. Því verr hefur ekkert tillit verið tekið til þeirrar þingsályktunar í fyrirbyggjandi tillögu. Ennfremur skal bent á stefnumótun um skógrækt frá 2013, *Skógar á Íslandi, stefna á 21. öld*. Sú stefnumótun byggðist á starfi nefndar sem skipuð var af ráðherra og sem kynnti drög fyrir almenningi og helstu hagsmunaaðilum áður en hún var endanlega gefin út. Sú stefnumótun þarf að fá vægi við endurskoðun tillagna um landsskipulag til jafns við aðra stefnumótun ráðherraskipaðra nefnda sem vitnað er til í fyrirbyggjandi tillögu.

Stjórn Skógræktarfélags Íslands bendir sérstaklega á að samskipti skógræktar og þéttbýlis þyrftu að fá aukið vægi í landsskipulagstillögunni. Í því sambandi er rétt að benda á að aðildarfélag Skógræktarfélags Íslands hafa á liðnum 15 árum ítrekað átt í ágreiningi við sveitarfélög vegna samningsbundinna svæða sveitarfélaga þar sem viðkomandi skógræktarfélag höfðu stundað skógrækt. Yfirleitt hafa þessi mál tengst nýframkvæmdum og/eða áformum um byggingarsvæði eða heil byggingahverfi. Einstaka mál hefur endað í dómstólum, eins og t.d. hið svokallaða „Heiðmerkurmál“ þar sem Kópavogsbæ var gert að lokum að greiða bætur fyrir trjágróður sem þar var spilt.

Á tímabilinu 2000-2008 komu upp mörg tilvik þar sem sveitarfélög á höfuðborgarsvæðinu seildust inn á ræktunarsvæði skógræktarfélaganna þar sem ræktun Landgræðsluskóga hafði staðið í 15 – 20 ár. Þrátt fyrir að núningurinn hafi fyrst og fremst verið á höfuðborgarsvæðinu



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

THE ICELANDIC FORESTRY ASSOCIATION

ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK

SÍMI 551 8150 - NETFANG skog@skog.is

er einnig að finna einstök dæmi á landsbyggðinni af sama toga. Þessi ágreiningur var mörgum skógræktarfélögum, sem eru fyrst og fremst áhugamannafélög, mjög erfiður. Helgast það af því að sveitarfélögin eru í flestum tilvikum helsti samstarfsaðili skógræktarfélaganna. Það var því vond upplifun margra félagsmanna að sjá afrakstur margra ára eða áratuga sjálfbodastarfs fara fyrir lítið. Það sem menn höfðu lagt upp með þegar hafist var handa, athvarf fyrir útivist og náttúruskoðun og sælureiti í nágrenni þéttbýlisins, var orðið að steinsteypu og malbiki.

Í ljósi þessarar reynslu er ljóst að bæta þarf skipulagslöggjöfina með þeim hætti að útivistarsvæði í þéttbýli og nágrenni sé tryggt til lengri tíma en sem nemur kjörtímabili. Ræktun útivistarskóga tekur áratugi og mikilvægt fyrir alla aðila að þar sé horft til langrar framtíðar. Skógræktarfélag Íslands er tilbúið að vinna með Skipulagsstofnun að þeim endurbótum á Landsskipulagsstefnu sem gæti orðið skógum, skógrækt og útivistarsvæðum þéttbýlisins til framdráttar. Meðal þeirra atriða sem vert er að huga að eru m.a. skilgreiningar í aðal- og svæðisskipulagi. **Skógræktar- og útivistarsvæði við þéttbýli þyrftu að vera sérstakur flokkur** í skipulagi, til að tryggja stöðu þeirra betur. Rannsóknir á undanförunum árum hafa ítrekað sýnt fram á mikilvægi slíkra svæða fyrir almenna lýðheilsu þéttbýlisbúa.

Eins og áður sagði kemur skógrækt lítið við sögu í þeim tillögum sem hér eru til umræðu. Henni ætti þó að gera betri skil enda jafnan verið talin grundvöllur að endurreisn fyrri landgæða og bættum búsetuskilyrðum. Hreyfing skógræktarféлага er langfjölmennasta fjöldahreyfingin („frjálsum félagasamtökin“) á sviði umhverfismála á Íslandi. Slík samtök í almannabágu eru í flestum vestrænum samfélögum talin mikilvæg í því augnamiði að bæta félagsauð (e. social capital) hvers samfélags – þar sem sóst er eftir að traust, sam hjálp og eindrægni ríki meðal borgara. Skógræktarfélög starfa í flestum byggðarlögum landsins og starfa með sveitarfélögum að ræktun landgræðslu- og útivistarsvæða og rekstri þessara svæða, oftast en ekki í nágrenni við þéttbýli á landi sem gjarnan er skilgreint í aðalskipulagi sem „Opið svæði til almennra nota“. **Skógræktarfélög hafa oftsinnis kallað eftir sérstakri flokkun og vernd slíkra skóga.**

Hér fyrir neðan eru dæmi um tillögur Skógræktarfélags Íslands að breytingum á greinum í framkominni Landsskipulagsstefnu.

Tillaga SÍ að breytingu á greininni: 1.1.2 Sjálfbær gróðurframvinda

Í stað [Upphaflegrar málsgreinar]

...komi:

Áhersla landsskipulagsstefnu á sjálfbæra gróðurframvindu á miðhálandinu verði m.a. útfærð með ákvæðum í aðalskipulagi um beitar svæði í samráði við bændur, **Skógrækt ríkisins** og Landgræðslu ríkisins. Þau miði að því að beitarálag sé í samræmi við ástand vistkerfa og markmið um að endurheimta og styrkja **náttúruleg** vistkerfi og stöðva jarðvegseyðingu. Þannig verði stuðlað að því að beit á miðhálandinu verði stjórnað þannig að landnýting verði með sjálfbærum hætti, valdi ekki gróður- eða jarðvegseyðingu eða hamli **náttúrulegri** framvindu vistkerfa á illa fögnu landi. Skipulagsákvæðanir um beit og landgræðslu byggji á **áætlunum um uppgræðslu lands.**

Rök: Stjórn Skógræktarfélags Íslands þykir óeðlilegt að útiloka ræktun skóga á hluta miðhálandisins eða að stuðla megi að því að upp vaxi sjálfrónir birkiskógar á hluta



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

THE ICELANDIC FORESTRY ASSOCIATION

ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK

SÍMI 551 8150 - NETFANG skog@skog.is

hálandisins, til viðbótar þeim sem fyrir eru. Ennfremur þykir henni óeðlilegt að ýja að því að framvinda vistkerfa geti verið „ónáttúrleg“ á illa förmu landi eða að vistkerfi geti verið „ónáttúrleg“. Gróðurframvinda er gróðurframvinda; engin haldbær rök mæla með því að greina sundur „náttúrlega gróðurframvindu“ og „ónáttúrlega gróðurframvindu“. Vistkerfi eru vistkerfi; sú hugmynd, að flokka megi íslensk vistkerfi niður í „náttúrleg“ og „ónáttúrleg“ vistkerfi eftir 11 alda búsetu er í hæsta máta vafasöm og tæplega byggð á traustum vísindalegum grunni. Ennfremur er hér lagt til að ein af stjórnáráðgjafum umhverfis- og auðlindaráðuneytis, Skógrækt ríkisins, ásamt bændum og Landgræðslu ríkisins, hafi aðkomu að því hvernig haga skuli landnýtingu hálandisins með sjálfbærum hætti. Skógrækt getur verið landgræðsla eða uppgræðsla á örfoka landi (dæmi: landgræðsluskógar skógræktarfélaganna). Því er lagt til að í stað „héraðsáætlana Landgræðslu ríkisins“ komi „áætlanir um uppgræðslu lands“.

Tillaga SÍ að breytingu á greininni: 2.3.1 Skipulag landbúnaðarlands

Í fyrirleggjandi tillögu stendur: [Í aðalskipulagi byggi skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Val á svæðum til skógræktar og stefna um þau taki mið af því að skógrækt falli vel að landi og eftir því sem við á séu samþætt sjónarmið skógræktar, landbúnaðar og útivistar. Flokkun landbúnaðarlands, landslagsgreining og vistgerðarflokkun verði lögð til grundvallar skipulagsákvörðun um landbúnaðarland.]

Leggjum við til eftirfarandi tillögu að breytingu á þessari málsgrein, út frá þeim forsendum að

- a) skógrækt er landbúnaður og ræktun;
- b) aukinn skógur þjóni hagsmunum landeiganda sem, annarra íbúa á svæðinu og lífríkis (náttúru);
- c) skógrækt (líkt og annar landbúnaður) er afturkræf aðgerð (skóg má fella og fjarlægja má rótarhnyðjur, kjósi menn að breyta landnotkun); og
- d) „vistgerðarflokkun“ og „landslagsgreining“ er komin of skammt á veg og hafa of veika stöðu í lögum, reglugerðum og stjórnkerfi til þess að slíkar greiningar megi nýta sem stjórnæki við skipulagsgerð einstakra sveitarfélaga:

Í aðalskipulagi byggi skipulagsákvæðanir um ráðstöfun lands í dreifbýli til landbúnaðar og annarrar nýtingar á flokkun landbúnaðarlands. Landi sem hentar vel til ræktunar verði almennt ekki ráðstafað til annarra nota með óafturkræfum hætti. Við val á skógræktarsvæðum verði tekið mið af aðstæðum og sé ávallt hugað að sem bestum ræktunarárangri, eflingu vistþjónustu skóga og þörfum íbúa fyrir skjólgott og skógi vaxið land. Litið verði á samþættingu skógræktar, annars landbúnaðar og útivistar sem eðlilegan þátt í heildarskipulagi landbúnaðarlands. Við skipulagsákvæðanir verði tekið tillit til áhrifa á náttúru og landslag.

Tillaga SÍ að breytingu á greininni: 3.3.1 Gæði byggðar og bæjarrýma



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

THE ICELANDIC FORESTRY ASSOCIATION

ÞÓRUNNARTÚNI 6, 105 REYKJAVÍK

SÍMI 551 8150 - NETFANG skog@skog.is

Við skipulagsgerð sveitarfélaga verði sérstaklega hugað að gæðum hins byggða umhverfis og sett fram stefna og ákvæði um mælikvarða byggðar, byggðamynstur og samspil byggðar, bæjarrýma og ferðamáta. Einnig verði sérstaklega hugað að almenningsrýmum, [og] útivistarsvæðum **og skógum** með það að markmiði að hvetja til útiveru og hreyfingar, matjurtaræktunar og náttúruupplifunar og varðveita verðmæt náttúrusvæði. Jafnframt verði tekið tillit til sögulegs samhengis í þróun byggðar og menningararfurinn nýttur til að styrkja sérkenni og staðaranda.

Ath. Vinsælustu og fjölsóttustu útivistarsvæði landsins eru skógræktarsvæði í nágrenni þéttbýlis, t.d. Elliðaárdalurinn, Heiðmörk, Græni trefillinn, Kjarnaskógur á Akureyri o.fl. Sem fyrirmynd að því hvernig sveitarfélög geta staðið að málum er rétt að benda á að í nýlegu aðalskiplagsferli vann Reykjavíkurborg, að frumkvæði borgarstjóra, stefnumörkun í skógrækt fyrir sveitarfélagið. Í gegnum hjálagðan hlekk má nálgast þann kafla aðalskipulags Reykjavíkur. Stjórn Skógræktarfélags Íslands telur að hún myndi gagnast Skipulagsstofnun við endurskoðun tillögu að landsskipulagsáætlunar.

<http://heidmork.is/images/stories/utgafa/borgarskograekt.pdf>

Með skógræktarkveðjum,

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson, framkvæmdastjóri